



Minnisblað varðandi umsókn um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra

Vísað er til jákvæðs svars frá eignaraðilum Höfða í erindi til þeirra um kostnaðarþátttöku í endurnýjun þak- og veggjálklæðninga á 2.áfangi Höfða.

Á vef Stjórnarráðs Íslands hefur verið auglýst eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2020. Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2020.

Eins og áður hefur komið fram í erindi Höfða er ekki fyrirhugað að fara í verkið fyrr en í fyrsta lagi á árinu 2021. Hinsvegar tel ég rétt að sækja strax um framlag úr sjóðnum þar sem skýrt er í reglum sjóðsins að ekki er hægt að styrkja verkefni sem hafin eru. Því er tækifæri til að sækja aftur um í sjóðnum í byrjun árs 2021 ef við fáum ekki jákvætt svar við umsókn 2020.

Samkvæmt minnisblaði Mannvits dags. 11.10.2019 er áætlaður kostnaður við verkefnið allt að 60 mkr. Framkvæmdasjóðurinn veitir styrk allt að 40% af kostnaði vegna hjúkrunarrýma og allt að 30% af kostnaði vegna dvalarrýma. Þar sem Höfði er bæði með hjúkrunar- og dvalarrými (65/9) er reiknað hlutfall sjóðsins 38,78%. Miða við kostnað upp á kr. 60.000.000 fengist því styrkur frá sjóðnum upp á kr. 23.270.270. Eftir stæði 36.729.730 kr. sem ósk er um að eignaraðilar fjármagni. Skipting þeirrar upphæðar yrði: Akraneskaupstaður kr. 33.056.757 (90%) og Hvalfjarðarsveit kr. 3.672.973 (10%).

Mannvit er að vinna endanlega kostnaðaráætlun verksins og mun hún ekki liggja fyrir fyrr en þann 19. febrúar og gæti því upphæð verksins breyst frá upphaflegu minnisblaði.

Til að umsókn til Framkvæmdasjóðs aldraðra sé gild þarf að liggja fyrir skrifleg staðfesting/yfirlýsing um að sveitarfélögin muni fjármagna verkefnið á móti framlagi sjóðsins og að þau séu samþykkt framkvæmdinni.

Akranesi, 6.febrúar 2020

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri